

Tónlist til góðs og ills

Vafasöm skilaboð


Merkja má hnignun síðgæðis í þeim skilaboðum sem sumar rokkhljómsveitir senda frá sér. Þetta á ekki síst við um vinsæl tónlistarmyndbönd sem gefin eru út af heimsþekktum, alþjóðlegum fyrirtækjum. Eftirfarandi veldur sérstökum áhyggjum:

- Neysla áfengis og fíkniefna er gerð heillandi og freistandi.
- Myndir og textar benda á sjálfsmorð sem valkost eða lausn.
- Myndrænt ofbeldi er ekki óalgengt.
- Umfjöllun um sértrúarflokka, djöfladýrkun, mannförnir og sviðsetning á slíku á tónleikum.
- Kynlíf sem snýst um drottunarheigð, kvalalosta, sífjaspell, kvenfyrirlitningu og ofbeldi gegn konum.

Á hvað hlustar barnið þitt?

Ábyrgir foreldrar sem vilja unglíngnum sínum vel fylgjast með því hvaða tónlist hann kaupir. Þeir hlusta á tónlistina með honum og hjálpa honum að þekkja tónlist sem gæti reynst skaðleg.

Tónlist er sjaldan hættuleg unglíngum sem eru sáttrir við sjálfa sig og tilveruna. En ef þeir lifa og hræstast í tónlist með neikvæðum boðskap getur það haft áhrif á hegðun þeirra. Þeim hættir til dæmis til þess að einangra sig, þeir geta orðið þunglyndir eða leiðst út í neyslu áfengis og fíkniefna. Þegar svo er komið er mikilvægt að leita hjálpar sérfræðinga, svo sem sálfræðinga, félagsráðgjafa eða barna- og unglíngageðlækna.



Njótum tónlistar

Við lærum um okkur sjálf, umhverfið og menningu okkar þegar við hlustum og horfum á söng og myndbönd. Samspil orða, tónlistar og leiks hefur undanfarna áratugi verið notað til uppfræðslu í barnasjónvarpi með góðum árangri.

Flestir foreldrar fylgjast vel með því sem börn þeirra heyrja og sjá á meðan þau eru lítil. En við veitum tónlistarsmekk unglínganna og myndböndunum sem þau horfa á oft litla athygli.

Það er jákvætt þegar fólk deilir tónlistaráhuga sínum með öðrum. Unglíngar njóta yfirleitt tónlistar í ríku mæli en halda hinum fullorðnu gjarna fyrir utan þann heim.

Foreldrar!

- Fylgjumst með athöfnum og líðan barnanna okkar – það getur skipt sköpum.
- Gefum okkur tíma fyrir þau – tölum saman, gerum hluti saman.
- Unglíngar þurfa líka reglur – aldursmiðaðar reglur.
- Mætum börnunum okkar og unglíngunum þar sem þau eru, gerum kröfur en verum raunhæf.
- Ræðum saman um ágreiningsefni og finnum sameiginlegar lausnir.
- Ræðum um velferð barnanna okkar – verum ábyrg saman.

Góð umræða er alltaf góðra gjalda verð.

Sjálfbóðið Rauða kross starf í Reykjavík

Við erum aldrei of mörg þegar á reynir

Reykjavíkurdéild Rauða kross Íslands starfar í anda grundvallarmarkmiða alþjóðahreyfingar Rauða krossins. Sjálfbóðaliðar deildarinnar vinna margvíslegt mannúðarstarf í borginni. En verkefni eru mörg og deildin hefur alltaf þörf fyrir fleiri vinnufúsar hendur.

Kvennadeildin. Sjálfbóðaliðar Kvennadeildarinnar veita margs konar aðstoð og þjónustu á sjúkrahúsum, Sjúkrahótel Rauða kross Íslands og í heimahúsum.

Neyðarvarnir. Fjöldi þjálfaðra sjálfbóðaliða deildarinnar er reiðubúinn að leggja fram krafta sína ef til neyðarástands kemur vegna náttúruhamfara eða af öðrum ástæðum.

Ungmennastarf. Ungt fólk gegnir mikilvægu hlutverki í starfi Rauða krossins. Sjálfbóðaliðar ungmennadeildarinnar vinna að forvarnastarfi, skyndihjálp, alþjóðastarfi og ýmsum átaksverkefnum í þágu barna og unglíngna.

Vinalínan. Símaþjónusta fyrir fólk á öllum aldri sem þarf einhvern til að deila með gleði og sorg. Sjálfbóðaliðar Vinalínunnar eru venjulegt fólk sem gefur sér tíma til þess að hlusta og gerir sitt besta til þess að liðsinna þeim sem hringja. Vinalínan er opin öll kvöld – síminn er 561 6464.

Börn og ungmenni í vanda. Deildin tekur þátt í rekstri Raudakrosshússins, neyðarathvarfs fyrir börn og unglíngna, vinnur að forvörnum gegn notkun vímuefna og stendur ásamt öðrum að Fjölskyldumiðstöð vegna barna í vanda.

Sjálfbóðamiðlunin
Hverfisgötu 105, sími 551 8800
netfang: sjalfbodamidlun@deild.redcross.is



Skrifstofa Fákafeni 11, 108 Reykjavík
sími 568 8188 – fax 568 8210
netfang: reykjavik@deild.redcross.is
www.redcross.is/reykjavik

Samvinna skilar árangri

Þessi bæklingur er unninn í samvinnu við SAMFOK.



SAMFOK er samband foreldrafélaga og foreldraráða í skólum Reykjavíkur á grunnskólastigi. Markmið SAMFOK eru meðal annars að beita sér fyrir auknum áhrifum foreldra á skólastarf og standa vörð um réttindi barna til menntunar og þroska. Forvarnastarf þarf að hefjast strax í fyrsta bekk grunnskóla með öflugum og góðu bækjarstarfi þar sem foreldrar, nemendur og kennari eru virkir þátttakendur. Hlutverk SAMFOK er meðal annars að styrkja foreldra til að takast á við þetta hlutverk og beita sér fyrir auknu samstarfi foreldra og skóla. Þessi bæklingur er hluti af verkefni Forvarnalykill SAMFOK.

Þarftu aðstoð og góð ráð?

SAMFOK
Laugavegur 7, Mannhæðin
sími 562 7720, bréfasími 552 2721
netfang: samfok@samfok.is
www.samfok.is

Fjölskyldumiðstöð
Heilsuverndarstöðinni v/Barónsstíg 47
sími 511 1599
netfang: fjolskyldumidstod@barnivanda.is
www.barnivanda.is

Vímulaus æska – foreldrahúsið
Foreldrasíminn opinn allan sólarhringinn – 581 1799
netfang: vimulaus@mmedia.is



Guðrún Guðjónsdóttir/Auglýsingastofan - Saganinn ehf./Svanngrenn

Tónlist og tónlistarmyndbönd

áhrifavaldur í lífi barna og unglíngna

Útgefandi: Reykjavíkurdéild Rauða kross Íslands
Unnið upp úr bæklingunum Facts for families, með góðfúslegu leyfi American Academy of Child & Adolescent Psychiatry – www.aacap.org